

Hreiðurfjöldi og ábúð ritu í Hvítabjarnarey á Breiðafirði og í fjórum vörpum á utanverðu Snæfellsnesi



Árni Ásgeirsson¹, Róbert A. Stefánsson² og Jón Einar Jónsson¹

1. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Stykkishólmi.

2. Náttúrustofa Vesturlands, Stykkishólmi.



1. Inngangur


Rita *Rissa tridactyla* (1. mynd) er algengur varpflugl við strendur landsins. Á Breiðafirði eru ritubyggðir margar, flestar smáar, sú stærsta rétt yfir þúsund hreiður. Stærri vörp er að finna á utanverðu Snæfellsnesi, stærsta yfir 6000 hreiður árið 2005[1]. Rita er háð sandsíli fyrir uppeldi unga líkt og kría, svartfluglar og sílamáfur en er að mörgu leyti auðveldust þessara tegunda til vöktunar vegna áberandi og stundum aðgengilegra hreiðra í björgum .

2. Aðferðir

Samfelld vöktun hófst árið 2008 í Hvítabjarnarey á Breiðafirði og þremur árum seinna í stærri vörpum á utanverðu Snæfellsnesi (2. mynd). Allt rituvarpið í Hvítabjarnarey var ljósmyndað tvisvar til fjórum sinnum ár hvert bæði af sjó og bjargbrún, frá fyrstu viku júní til seinni hluta júlí. Fjöldi hreiðra, ábúð og ungaframleiðsla var metin. Talningar á ungum fóru yfirleitt fram í kringum 10 júlí ár hvert. Árið 2011 hófust svo sniðtalningar í fjórum vörpum á utanverðu Snæfellsnesi (Hvalrauf, Skálasnagi, Svalpúfa og Arnarstapi). Þar var ungaframleiðsla skoðuð á sniðum.




1. mynd. Rita með unga í Hvítabjarnarey 9 júlí 2010.




2. mynd Ritubyggðir sem skoðaðar voru, merktar með rauðu punkti.

3. Niðurstöður

Í Hvítabjarnarey var heildarfjöldi hreiðra í ábúð í upphafi varps mestur árið 2012 (551) en minnstur árin 2011 (321). Hreiðrum í ábúð fjölgaði lítillega frá fyrstu til annarrar talningar árin 2010 og 2012. Yfirgefin hreiður voru flest 2013 (43%) og 2011 (36%) (3. mynd). Afkoma ritu var best árin 2009 og 2012, upp komust að meðaltali 1,3 ungar á hvert hreiður, lélegast árin 2011 og 2013, um 0,5 ungar á hreiður. Mjög fáir ungir komust á legg á sniðum í vörpunum yst á Snæfellsnesi árin 2011 og 2013 en árið 2012 var meðalfjöldi unga í hreiðri 0,36 (4. mynd).



3. mynd. Hreiður í ábúð í Hvítabjarnarey frá 2008– 2013. Flest hreiður voru í ábúð 2012 en fæst 2011. Fyrsta talning var að meðaltali 8 júní, önnur 24 júní, þriðja 10 júlí og sú fjórða 20 júlí.



4. mynd. Varpafkoma ritu í Hvítabjarnarey (rautt) var hæst 2009 og 2012. Á Snæfellsnesi (blátt) 2011-13 voru öll þrjú árin vel undir mældri afkomu ritu 2005 (punktalína) [2].

Umfjöllun/ályktun

Nokkrar sveiflur voru í fjölda varppara og viðkomu milli ára (3. og 4. mynd). Viðkoman frá 2011 var mun betri í Hvítabjarnarey en í vörpunum fjórum á utanverðu Snæfellsnesi. Viðkoma ritu á Snæfellsnesi hefur verið slök undanfarin ár, að líkindum aðallega vegna sandsílaskorts. Ástandið var hæst 2009 og 2012 og var mun skárri í innanverðum Breiðafirði en við utanvert Snæfellsnes. Ástæður þessa munar eru ekki kunnar en tengjast e.t.v. Samkeppni milli tegunda eins og aðra sjófugla og makríl um fæðu.

Heimildir

- Arnbór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lilliendahl 2013. Framvinda íslenskra ritubyggða.—Bliki 32: 1-10.
- Arnbór Garðarsson 2006. Viðkoma ritu sumarið 2005.—Bliki 27: 23-26

Þakkir

Símon M. Sturluson, einn af eigendum Hvítabjarnareyjar, flutti rannsóknafólk til og frá eyjunni, veitti ýmsar upplýsingar um varpið og eggjatöku og mældi síni af tindum eggjum. Tómas G. Grétarsson og Freydis Vigfúsdóttir veittu góð ráð við upphaf verkefnisins og tóku þátt í talningum ásamt Jónasi P. Jónassyni, Steinunni Guðmundsdóttur, Aroni A. Þorvarðarsyni, Ísól Lilju Róbertsdóttur og Mette Bønløkke